

1867. um svo mikið svæði, sem auðið er; en að öðru leyti er meira
 11.september. undir því komið, að minna svæði sé læknað svo algjörlega,
 að gagnið sé augljóst og visst, en að gjörðar sé ónógar ráð-
 stafanir um stærra svið.

9. grein.

Dýralæknirinn á að hafa bók, er hann ritar daglega í um
 framtakssemi sína í ætlunarverki því, sem honum er á hendur
 falið. Samkvæmt bókinni ritar hann á hverjum mánuði skýrslur
 til dómsmálastjórnarinnar, er hann einnig á að skila bókinni, þegar
 ætlunarverki hans er af lokið.

10. grein.

Auk fjárkláðans á hann einnig, þegar svo ber undir, að
 gefa gætur að sjúkdómum yfir höfuð að tala í húsdýrum á Ís-
 landi, og sér í lagi þeim, sem faraldur er að eða næmir eru.

Í dómsmálastjórninni 11. septembermán. 1867.

14. septbr. **47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
 yfir Íslandi, um íslenzka hluti á fiskisýningunni í
 Boulogne.**

Eptir því sem danski erindsrekinn á fiskisýningu þeirri, er haldin
 var í fyrra í Boulogne fyrir allar þjóðir, J. A. Smidth, hefir
 skýrt frá, hefir dómnefnd tèðrar fiskisýningar dæmt Oddi Gísla-
 syni, kaupmanni í Reykjavík, heiðurspening úr kopar fyrir þorska-
 lýsi, og Fischer, líka kaupmanni í Reykjavík, „lofsorð“ fyrir þorska-
 net, og um leið og erindsrekinn hefir tekið fram, að norskri erinds-
 rekinn hafi hrósað þorskanetum þeim, sem Fischer kaupmaður hafði
 til sýnis, hefir hann beiðzt liðsinnis dómsmálastjórnarinnar til
 þess að heiðurspeningur sá, sem honum hefir sendur verið
 vegna þessa, og sæmdarskjölin, verði fengin mönnum þessum í
 hendur.

Um leið og yður, herra stiptamtmaður, eru send sæmd-
 armerki þessi, eruð þér beðnir um að sjá svo fyrir, að þau verði
 fengin hlutaðeigendum í hendur, á þann hátt, er yður virðist
 við eiga.